



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Katrín Helga Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

Efni: *Verklag vegna athugasemda Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála í kvörtunarmálum sem tengjast þjónustu Barnaverndar Reykjavíkur*

Þann 1. janúar 2022 tók til starfa Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer stofnunin með eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli barnaverndarlaga. Fyrir gildistöku laganna var slíkt eftirlit í höndum þáverandi Barnaverndarstofu.

Þann 1. janúar 2023 breyttist skipan barnaverndarmála á þann veg að barnaverndarnefndir sveitarfélaga voru lagðar niður. Við þá breytingu færðist yfirstjórn yfir starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur (Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur) til velferðarráðs, sbr. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga. Í 2. mgr. 12. gr. er þó sérstaklega áréttað að hvorki sveitarstjórn né fastanefnd sé heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála og eingöngu er heimilt að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustu sem eru nauðsynlegar fyrir yfirstjórn hennar. Í greinargerð með frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum segir að dæmi um upplýsingar sem rétt er að fari frá barnaverndarþjónustu til fastanefndar séu upplýsingar um stefnu, stöðu aðgerða í aðgerðaráætlun og upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir fjármál og fjárhagsáætlanagerð. Þá segir að ekki sé útilokað að rétt sé að miðla upplýsingum um meðferð einstakra mála ef slíkar upplýsingar tengjast beint verkefnum fastanefndar, t.d. í tengslum við eftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Áréttað er að gæta beri þess að ekki sé unnið með persónuupplýsingar umfram nauðsyn.

Til að velferðarráð geti rækt eftirlitshlutverk sitt með Barnavernd Reykjavíkur þykir rétt að ráðið verði upplýst sem fyrst þegar niðurstöður frá Gæða- og eftirlitsstofnun berast um ámælisverða háttsemi af hálfu Barnaverndar Reykjavíkur á grundvelli 17. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Þegar kvartað er yfir þjónustu Barnaverndar geta niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar verið þær að engar athugasemdir eru gerðar við málsmeðferð, athugasemdir eru gerðar en þær fela ekki í sér ámælisverða háttasemi eða að um ámælisverða háttsemi er að ræða. Á grundvelli 15. og 16. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála getur stofnunin farið í frumkvæðiseftirlit og ef tilefni er til getur stofnunin þar sett fram tilmæli um úrbætur sem gera skal innan ákveðins tíma. Á grundvelli 18. gr. laganna er hægt að veita stjórnvaldi áminningu sé tilmælum um úrbætur í eftirlitsskýrslu ekki fylgt eftir.

Á árinu 2022 bárust Barnavernd Reykjavíkur niðurstöður í sjö kvörtunarmálum frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Niðurstöðurnar voru eftirfarandi:



Niðurstaða	Fjöldi
Engar athugasemdir	2
Athugasemdir en ekki ámælisverð háttasemi	3
Ámælisverð háttsemi	2

Þær niðurstöður sem fólu í sér ámælisverða háttsemi voru kynntar barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

Um tæplega tveggja ára skeið hefur því verklagi verið fylgt hjá Barnavernd Reykjavíkur að þegar athugasemdir berast tekur lögfræðingur við athugasemdunum og fylgir þeim eftir innan stofnunarinnar. Haldinn er fundur með framkvæmdastjórn Barnaverndar, lögfræðingi og þeim deildarstjórum í hvers teymi málið var unnið eða ef atvik eða sú framkvæmd sem um ræðir snertir eitt teymi umfram önnur. Farið er ítarlega yfir atvik, niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar og málið rætt. Metið er hvort um einstakt atvik sé að ræða, hvort framkvæmd sé í dag önnur en var á þeim tíma sem atvik lúta að eða hvort um sé að ræða framkvæmd sem kallar á breytingar á starfsháttum eða verklagi stofnunarinnar. Sé þörf á breytingum á framkvæmd eða verklagi er því fylgt eftir á viðeigandi hátt.

Þann 5. janúar barst frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála niðurstaða athugunar kvörtunarmáls föður í máli barns síns hjá Barnavernd Reykjavíkur. Í samræmi við það sem rakið er hér að framan er velferðarráð hér með upplýst um málið á meðfylgjandi minnisblaði.